

Helga Arnheiður Erlingsdóttir, eftirlaunaþegi og sjálfstætt starfandi.

Helga hefur undanfarið unnið að nýju riti Búnaðarsambands Suður-Þingeyinga, *Byggðir og bú*, og er það í fjórða skiptið sem það rit kemur út og fjallar að stærstum hluta um bújarðir sem eru í notkun og eins er getið um eyðibýli o.fl. Fyrsta bókin kom út árið 1960. Helga skrifar um gamla Hálshrepp sem felur í sér Fnjóskadal og dalina suður af honum, Bleiksmýrardal, Hjaltadal og Timburvalladal. Einnig Flateyjarðal, Flateyjarðalsheiði og Flatey.

Helga hefur unnið ýmis störf um ævina. Síðustu árin áður en eftirlaunaaldurinn tók við var hennar aðalstarf sveitarstjórnarstörf, bæði fyrir gamla Ljósavatnshrepp og síðar Hörgárbyggð, auk ýmissa annarra starfa, s.s. við búskap, í banka, skrifstofustörf o.fl. Vænst þykir Helgu um, auk sveitarstjórnastarfanna, að hafa unnið að stofnun *Handverkskvenna milli heiða*, sem störfuðu að íslensku handverki og voru með verslun við Goðafoss um árabil og síðan og ekki síst aðkomu hennar að framkvæmdum við Goðafoss til að bæta aðgengi að fossinum og umhverfi hans.